

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1769 frá 26. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2174 að því er varðar uppfærslu á leiðbeinandi yfirliti yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi og atvinnustarfsemi ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 27ca (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2174) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 1769:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1769 frá 26. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1769, 27.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1769, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1769, 27.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1769/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING